



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um fastráðningu talmeinafræðinga og annarra ráðgjafa í skólum

Á fundi borgarráðs, 11. nóvember 2021, lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Mikið hefur verið fjallað um þjónustu við börn í skólum borgarinnar og í gegnum tíðina hafa ráðgjafar ýmist verið ráðnir beint inn til skólanna og hafa þá verið með sína starfsaðstöðu þar eða hafa verið með starfsaðstöðu í þjónustumiðstöðum og eru þá ekki með fasta viðveru inni í skólunum. Eru talmeinafræðingar fastráðnir í einhverjum leik- og grunnskólum borgarinnar? Í hvaða leik- og grunnskólum borgarinnar eru talmeinafræðingar fastráðnir ef svo er? Hversu hátt er þá starfshlutfallið? Hvernig er málum háttað með aðra ráðgjafa sem sinna þjónustu við börn, líkt og hegðunarráðgjafa og fasta viðveru þeirra inni í skólum?

Svar:

Einn talmeinafræðingur starfar í 50% stöðugildi í Nóaborg, einn talmeinafræðingur starfar í 85% stöðugildi í Klettaskóla og einn talmeinafræðingur starfar við Fellaskóla en er nú í fæðingarorlofi. Fjölmargir ráðgjafar eru að störfum í borgarmiðstöðvum Reykjavíkurborgar sem sinna þjónustu við börn og nemendur. Þar á meðal eru 16 talmeinafræðingar í 13,65 stöðugildum.

Með tilkomu verkefnisins „Betri borg fyrir börn“ er markmiðið að margir af þeim sérfræðingum sem starfa í skólaþjónustu borgarmiðstöðvanna séu með fasta viðveru í leik- og grunnskólum og er sú vinna sífellt að færast í aukana. Í Breiðholti, þar sem verkefnið hefur staðið lengur yfir, er miðað við að sérfræðingar í skóla- og frístundaþjónustu séu með fasta viðveru í grunnskólum. Sem dæmi eru kennsluráðgjafar með 1 til 2 daga í viku í fastri viðveru í grunnskólum og sálfræðingar og félagsráðgjafar oft með 1 dag í viku í fastri viðveru í þeim skólum þar sem þeir eru tengiliðir. Í leikskólum er meira um að ráðgjafar komi í skóla eftir þörfum, aðallega vegna aðstöðuleysis í leikskólum.

Staða talmeinafræðinga er aðeins frábrugðin í Grafarvogi og á Kjalarnesi, þar sem talmeinafræðingar starfa innan skólaþjónustunnar, sem eru kostuð af leik- og grunnskólum, en verja tíma sínum í grunnskólunum m.v. kostnaðarskiptingu en í leikskólunum eru þeir með aðstöðu í skólaþjónustunni.

Að auki starfa ýmsir fagaðilar í skólum/leikskólum svo sem iðjupjálfar, þroskajálfar, náms- og starfsráðgjafar svo aðeins fáein starfsheiti fagaðila séu nefnd.